Sléttuhlíð G3 Hafnarfirði.

Skráningartafla: Sléttuhlíð G3 Hafnarfirði
Landnúmer: L123131
Matshlutanúmer: 01

Skrásetjari: Sigurður Þorvarðarson
Kennitala: 141250-4189
Útgáfa: 4.01b **Dags.:** 28.5.2021

Uppskipting og lýsing D0 Lokun	D1 Rými hæð-röð	D2 Notkun texti	D3 Hönnuð-flokkun	D4 Eignar-hald	Stærðir D5 Botnflötur m²	D5M1 Millflötur m²	D6 Svalir m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflötur m²	D9 Brúttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			119,4	0,0	0,0	0,0	80,3	0,0			319,7	70,0	80,3		264,600
		Botn											16,1				
	01	**1. hæð**			119,4	0,0	0,0	0,0	80,3	0,0			303,6	70,0	80,3		
A	0101	**Sumarbústaður**	II	0101	80,3				80,3		1,83	4,95	303,6	70,0	80,3	3,78	264,600
A	0102	**Þakvirki**	V	0101	39,1												

Athugasemdir

Sameignir sumra

Eignarhald

Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Séreign og sameign m³
0101	**Sumarbústaður**	80,3	264,600	264,600
	Alls	80,3	264,600	264,600



AFSTÖÐUMYND MKV. 1:1000

SKÝRINGAR.
H GÓLFHÆÐ.
L HÆÐ Á ÓHREYFÐU LANDI VIÐ LÓÐARMÖRK.
----- VATNSHEIMÆÐ.
O ROTÞRÓ.

Samþykkt þann 19. MAÍ 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

Byggingarlýsing / verklýsing:
Nýbygging þessi kemur í staðin fyrir eldri sumabústað sem eyðilagðist í eldi í byrjun árs 2020.
Það hús var 55 m² og 195 m³.

Sumarbústaður "Sléttuhlíð G3"
Landnr.: L123131.
Lóðin er samkvæmt fasteigamati 2567 m² að flatarmáli.
Á lóðinni verður byggt "sumarhús matshluti 01.
Sumarhúsið er einnar hæðar,
húsið er 80,3 m² að grunnfleti og 319,7 m³ að rúmmáli.
Gólfefni, harðparket og eða gólfflísar.
Byggingarefni./ byggingalýsing "Sumarhús".
"Alment gildir að frágangur allur skal vera í samræmi við gildandi byggingareglugerð."
Húsið er timburklætt timburhús, með járnvörðu þaki.
Undirstöður eru staðsteyptir burðarbitar á þjappaðri hraunfyllingu.
Dregarar eru 2x45x220 mm, boltaðir fastir á steyptar undirstöður.
Gólfbitar eru 45x195 mm c/c 600 mm, gólf er klætt með 21 mm nótaðri timburklæðningu.
Einangrun í gólfi er 200 mm steinull, að neðan er gólf varið með galvanhúðuðu músheldu rapitneti.

Útveggir eru 45*145 mm. timburgrind fylltir með steinullareinangrun, að utan eru veggir klæddir með 9 mm vatnsþolnum krossvið á grind (afstifing/ veggja/ húss), Utan á lóðréttar stoðir útveggja koma 21x45mm lóðréttar lektur utan á þær koma 25x45 mm láréttar lektur. Útveggir eru svo klæddir að utan með 21 mm standandi bandsóguðum greni panel. Einangrun í útveggjum er 145 mm steinull.
Að innan eru útveggir klæddir með rakasperru á grind, með lagna/ afréttingargrind 22*45 mm og sem innsta klæðning 13 mm gifsplötur, spartlaðar og málaðar, í votrýmum skal nota rakþolnar gifsplötur.
Þar sem innréttingar skulu festar á veggi skal klæða með 12 mm krossvið sem undirlag.

Þak er risþak, sem byggt er úr timbursperrum 45*200 mm, sem hvíla á veggjum og er fest við veggi/ vegglægju með BMF festivinklum.
Þakið er byggt upp með 45*220 mm tsperrum sem hvíla á útveggjum. Klætt er ofan á sperrur með 21 mm nótuðum borðum. Ofan á klæðningu kemur tjöru/ þakpappi.
Ofan á pappan kemur tvöfalt lag af lektum. Neðra lagið er 21x45 mm lektur sem liggja upp og niður þakflöt. Efra lagið eru 21x95 mm lektur, sem liggja þvert á neðri lektur. Ofan á lektur kemur þakstál. Að innan er þak uppbyggt með vindpappa, einangrun, rakasperru, afréttingar/ lagnagrind 34*45 mm og 12 mm furu panel.
Einangrun í þaki er 220 mm steinull, þakull.
Loftbil 40 mm er ofan einangrunar og milli sperra, í hvert sperrubil skal setja 2 stk. loftræstirör með fluguneti, Ø28 mm.
Milliveggir eru uppbyggðir sem hér segir: 45 * 70 mm. timburgrind fyllt með steinullareinangrun og klæddir beggja vegna með 2* 13 mm gifsplötum, veggir í votrýmum skulu klæddir með rakaþolnum plötum undir flísalögn.
Húsið verður hitað með miðstöðvarofnum, og eru lagnir sýnilegar að hluta.
Koma skal fyrir gegnumstreymis niðurföllum í öllum votrýmum
Loftræsting.: Herbergi og svæði sem liggja að útvegg eru loftræst um opnanl. glugga, lokuð innrými eru loftræst í gegnum blikk stokka, sjálftrekkjandi eða með vélrænni loftræstingu eftir því sem við á.

Einangrun.:
Gólfplata er einangruð með 200 mm steinullareinangrun .
Útveggir byggingarinnar eru einangraðir með 145 mm steinullareinangrun í grind.
Gluggar eru tré gluggar, gler skal vera tvöfalt gasfyllt einangrunargler.
Herbergi og svæði sem liggja að útvegg eru loftræst um opnanlegan glugga.
Koma skal fyrir gólfniðurföllum í öllum votrýmum, þ.e. baðherbergjum og þvottahúsi.
Hitaveituinntak er í sérstökum afmörkuðum inntaksskáp utanhúss.
Rotþró 3000 lítrar er staðsett á lóð sjá afstöðumynd, fylgja skal fyrirmælum umhverfisstofnunar um frágang á rotþróm og siturlögnum.

Tákn teikninga:
BO táknar björgunarop.
LR táknar loftræstingu.
GN táknar gólfniðurfall.
RO Rotþró.

SHS
18.05.2021

Eldvarnir/ brunavarnir:

Klæðningar veggja og lofta eru amk. EI39, annarsvegar gifsplötuklæðning „KLÆÐNING Í FLOKKI 1",
Og hinsvegar 12 mm furpanil! „KLÆÐNING Í FLOKKI 2.
Í húsinu er handslökkvitæki staðsett við aðalinngang sjá grunnmynd.
Reykskynjarar eru staðsettir í hverju herbergi sjá grunnmyndir.
Flóttaleiðir úr húsinu eru um inngangshurð, svalahurð og björgunarop úr herbergjum, stærð björgunaropa 63*107 sm.
Ganga skal frá eldstæði (kaminu) og reykhaf í samræmi við reglugerðir.

---> BO. táknar björgunarop.
——> Táknar rýmingarleið, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.
(R) Táknar reykskynjari, staðsetjist samkv. teikningu.
(S) Táknar slökkvitæki, staðsetjist samkv. teikningu.

EINGÖGNGU ER HEIMILT AÐ NOTA BYGGINGAVÖRUR SEM HAFA HLOTIÐ STAÐFESTINGU TILNEFNDS AÐILA Á SAMRÆMI EÐA ERU CE-MERKTAR, SAMANBER KAFLA VIII Í MANNVIRKJALÖGUM.

Breytingar:

Efni:	Dags	Teikn	Yfirf.:

Sléttuhlíð G3 Hafnarfirði.
Landnúmer: L123131
Matshluti: 01.

Aðaluppdráttur. Númer. 2 af 2

Grunnmynd/ skýringar.
Mælikvarði: 1 : 1000
Frumstærð blaðs: A2
Teiknað: Sig. Þ. Verk nr: 02114
Yfirfarið: Sig. Þ. Teikn. nr: 002
Dagsetning útgáfu: 05-03-21 Endursk:

STH. teiknistofan ehf.
Áritun aðalhönnuðar
Strandgötu 11.
220 Hafnarfirði.
kt. 510298-2769.
Sími 5651510.
teiknistofan@simnet.is.

Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfi. kt. 141250-4189.